

## REGLUGERÐ

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil.

### I. KAFLI

#### Um stjórn fjárskilamála.

##### 1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjárskilafélag, sem sýslunefndin skiptir í deildir, eftir því, sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra félagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 31. maí 1927, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd í fjárskilamálum, innbyrðis í deildunum.

##### 2. gr.

Nú eru tveir eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefir þá hver hreppsnefnd lóð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eftir því sem reglugerð þessi mælir fyrir.

##### 3. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann úr sínum hóp, til þess að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjárskilamála í hreppnum og nefnist hann fjárskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrétt í hvert sinn, sem það er réttað, nema gild forföll banni. Setur hann þá hæfan mann í sinn stað með fullu umboði. Ennfremur ber honum að útnefna réttarstjóra við þær aukaréttir, sem kunna að vera í hans fjárskilaumdæmi.

##### 4. gr.

Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvert gangnasvæði, sem hún á yfir að ráða.

Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi þrjú ár í senn, nema að hann sanni, að hann sé ófær til þess sökum elli eða heilsuleysis.

##### 5. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sérstaka fjárskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita allt, sem gerist um fjárskilamál í hreppnum.

Sýslunefndin getur heimtað eftirrit af fjárskilabókinni, hvenær sem með þarf.

## II. KAFLI

### Um afrétti.

35  
16. apríl

#### 6. gr.

Allt land skiptist í öræfi, afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Hreppsnefnd getur tekið upp nýja afrétti breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og sýslunefndar.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrétti, og tilheyrandi öræfi með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjárskilabók hreppsins. Þessar skrár skal senda sýslunefnd, er sér um, að þær séu innfærðar í afréttarbók, er tilgreini gangnasvæði innan fjallskilaumdæmis Eyjarfjarðarsýslu.

#### 7. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gangast fyrir því, hverri í sínum hreppi, að gerð sé sveitarsamþykkt um það, að notuð skuli heimalönd til upprekstrar fyrir sauðfé; skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hvar þau lönd séu og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota ógirt heimaland sitt til upprekstrar, nema það sé þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt, samþykktri af eigendum og umráðamönnum og staðfestri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártoll í sveitarsjóð, þar sem hann á heima, þó ekki yfir 30 aura fyrir kind.

Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og geta þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gert sameiginlega samþykkt um notkun þeirra.

Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrétti, að því er göngur snertir.

#### 8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfé, stóðhross og nautgripi má reka á hvern afrétt, sem heyrir undir stjórn hennar. Sé eigandi eða umráðamaður afréttar óánægður með ákvörðunina, er honum heimilt, að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

Nú telur hreppsnefnd of margt fé rekið á aðliggjandi utansveitarafrétt. getur hún þá skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðanda afréttarins.

## III. KAFLI

### Um smölun sauðfjár á vorin.

#### 9. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir um smölun sauðfjár á vorin, bæði í heimalöndum og gangnasvæðum hreppsins.

**35** Hver, sem jörð hefir til ábúðar, afréttarnot eða afréttarumráð, er skyldur  
16. apríl að taka þátt í vorsmölun eftir því, sem hreppsnefnd þess hrepps er land liggur í, ákveður.

Sama skylda hvílir á fjáreigendum með öll fjárskil að vori sem hausti.

#### 10. gr.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu vorgöngur á afrétti ákveðnar af hreppsnefndum upprekstrarfélagsins í sameiningu.

#### 11. gr.

Nú finnst órúíð fé eftir að samanrekstur og rúningur er afstaðinn, ber þá finnanda 50 aurar fyrir að rýja kind og 30 aurar fyrir að marka lamb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúíð eða markað.

### IV. KAFLI

#### Um rekstur til afrétta og fyrirstöðu.

#### 12. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkær og geldfé — þegar það er komið úr ullu, — sé rekið til afrétta svo tímanlega á vorin, sem árferði og önnur atvik leyfa.

Heimilt er þó að hafa sauðfé í eyjum og fjárheldum girðingum yfir sumarið.

Áður en fráfernalömbum er sleppt í upprekstrarland, skal sitja þau ekki skemur en þrjá daga. Reka skal í miðjan afrétt, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

#### 13. gr.

Eigandi eða umráðamaður afréttar er skyldur að sjá um fyrirstöðu afréttarfrjár. Allir þeir, sem eiga frjálsan upprekstur á afrétti, skulu kjósa einn mann úr sínum flokki, sem hafi umsjón með afréttinum, og komi fram gagnvart hreppsnefnd, og öðrum, að öllu leyti, sem aðrir afréttareigendur. Skylt er þeim, sem næstir búa afrétti, að varna því eftir föngum, að fé renni af afréttum í heimahaga manna og ber þeim þóknun fyrir frá umsjónarmanni afrétta. Komi þeir sér ekki saman, ákveður hreppsnefnd gjaldið, þó má skjóta úrskurði hennar til sýslunefndar.

Ef hreppsnefnd verður vör við, eða berst umkvörtun um það, að afréttarfé gangi í heimahögum manna; skal hún þá tafarlaust, ef henni list þess þörf, gefa út skipun um, að því sé smalað. Skal svo hagað smölun og rekstri, að eigi verði mein að. Reka skal á þann afrétt eða afrétti, sem hreppsnefnd ákveður. Sannist það hvar fyrirstaða hefir verið vanrækt, ber fjártakanda að bera kostnað þann, er af smöluninni leiðir, annars greiðist hann úr viðkomandi sveitar-sjóði, eða sveitarsjóðum.

## 14. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands, er skyldur til að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd — í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, — skýrslu um það, hverjir noti afrétti eða upprekstrarland hans það sumar, og fyrir hve margt fé.

Eigendum eða umráðamönnum afrétta ber að láta innansveita- og þar næst innansýslumenn sitja fyrir utansýslubúum með upprekstur fjár í afrétti, enda sé komin beiðni um það, fyrir miðjan maímánuð ár hvert.

35

16. apríl

## V. KAFLI

## Um fjárskil á haustin.

## 15. gr.

Enginn fjáreigandi, sem löglega er sjálfs síns, eða býr á jarðarhundruðum, getur skorast undan að gera gagnaskil, eftir niðurjöfnun hreppsnefndar.

Nú á einhver utansveitarmaður afrétt í hreppnum; skal hann þá gera þar gagnaskil eftir ráðstöfun viðkomandi hreppsnefndar.

Bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum má hreppsnefnd veita undanþágu frá göngum. Húsbændur annast fjárskil vegna hjúa sinna.

## 16. gr.

Nú á einhver að gera fjárskil í öðrum hreppi, en hann er búsettur í, og skal þá hreppsnefndin, þar sem hann á heima, senda hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign hans eftir vorframtali.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu haustgöngur á þeim gangnasvæðum ákveðnar af hreppsnefndum upprekstarfélagsins í sameiningu.

## 17. gr.

Hreppsnefnd kveður menn til gangna nægum tíma áður en göngur byrja, skal hún taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjárskila það haust og hverjir eru gangnaforingjar á hverju gangnasvæði.

Sá er gildur gangnamaður, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamanna sannur að óhlýðni eða hirðuleysi, skal það álitid sem gangnarof og varðar sektum.

Nú vanræktir einhver að gera þau fjárskil, sem á hann hafa skipst, eða leggur ógildan mann til fjárskila og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum og margfaldast ef brotið er ítrekað.

## 18. gr.

Þrennar skulu löggöngur á hausti hverju. Löggöngur skulu byrja í hverju afréttarfélagi fyrir sig þá daga, er venja er til (Mánudaginn í 22. viku sumars).

**35** Þó getur sýslunefnd eftir áskorun hreppsþúa í einum eða fleirum hreppum á 16. apríl kveðið aðra gangnadaga.

Nú kemur óveður er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu gagni eða engu, getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd skipað fyrir um aðrar göngur þegar í stað, ef þurfa þykir. Hið sama gildir um vor-smölun.

#### 19. gr.

Gangnaforingi skal jafnan vera í göngum, nema lögmæt forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað. Skipar hann fyrir um það, hvernig göngum skuli haga. Óhlýðnist gangnamenn skipun gangnaforingja, varðar það sektum.

#### 20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að söfnin séu rekin tafarlaust og með reglu til rétta. Þegar á rétt er komið, skulu þeir kveðja til svo marga menn, sem með þarf til þess að gæta safnsins, þar til réttarstjóri eða fjallskilastjóri hefir tekið við því.

#### 21. gr.

Ef fé festist í ógöngum, skal sá, er finnur það, tafarlaust skýra hlutaðeigandi gangnaforingja frá því, ef það er um fjárskilatíma, en afréttarbónda eða hlutaðeigandi hreppsnefnd að öðrum kosti. Er þeim skylt svo fljótt, sem unnt er, að gera tilraun að bjarga því. Kostnaður sá, er slík björgun hefir í för með sér, greiðist eftir mati hreppsnefndar af eiganda ef hann finnst, en annars úr sveitarsjóði.

Þyki einhverjum sér gerð ofmikil fjárskil, hefir hann rétt á að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sér undan að inna af hendi þau fjárskil, er honum voru gerð.

## VI. KAFLI

### Um smölun heimalanda.

#### 22. gr.

Hver búandi er skyldur að smala heimaland sitt á hverju hausti um leið og almenn fjárskil fara fram, eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

Auk þess getur hreppsnefnd skipað fyrir um almenna smölun heimalanda á hausti, þegar henni þykir nauðsyn til bera.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um, hvernig smöluninni skuli hagað á því svæði.

#### 23. gr.

Skyldir eru allir búendur, að hirða fé það, sem finnst í heimalöndum eftir

að fjárskilum er lokið og reka það tafarlaust til næsta bæjar, þá leið, sem það á að ganga. **35**

16. apríl

Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kvöld sé komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka féð bæja á milli. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka það. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

Hreppsnefnd er heimilt að gefa út nánari fyrirmæli um sauðfjárrekstra, sem ganga bæ frá bæ í hreppunum, sérstaklega um skipting þeirra, og er rétt við niðurjöfnun fjárskilakostnaðar, að taka tillit til þess, er sérstaklega mikill rekstrarþungi hvílir á einhverju býli eða búanda.

## VII. KAFLI

### Um réttir og réttahöld.

#### 24. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Nú þykir þörf á að fjölga fjárréttum eða færa þær af fyrri stöðvum á annan hentugri stað; skal þá hreppsnefnd sú er hlut á að máli bera það — á almennum sveitarfundi — undir atkvæði fjáreiganda í hreppnum og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða, skal auk þess leita samþykkis sýslunefndar. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrétt og hleðsluefni í hana, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði ber landeiganda fyrir jarðrask og átroðning, eftir mati tveggja óvillhallra manna, sem sýslumaður útnefnir, ef samkomulag ekki næst.

#### 25. gr.

Það er skylda allra fjáreiganda, að byggja fjárréttir og nægilega marga dilka í sameiningu og viðhalda þeim svo sem þörf er á.

Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Ef einhver vinnur eigi þá skylduvinnu að fjárréttum og dilkum, er á hann skiftist, getur hreppsnefnd látið gera það á kostnað hans. Dilkrúm skal vanalega fylgja jörð þeirri, er það hefir fylgt, eins þó ábúendaskipti verði. Að öðru leyti ráði réttarstjóri dilkrúmi hvers eins.

#### 26. gr.

Réttarstjóri skal vera kominn til réttar, svo snemma sem þörf gerist hvern réttardag. Skipar hann fyrir um hvernig fjádrætti skal haga í réttinni og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starf manna á réttinni.

#### 27. gr.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt, og skal þar jafnan réttað næsta dag á undan aðalrétt þeirri, sem hún heyrir undir. Skal úrtíningsfé úr

**35** aukaréttum rekið til aðalréttar af mönnum sem hreppsnefndin hefir útnefnt til 16. apríl þess. Fjárskilastjóri kveður hæfilega marga menn til þess, að koma til aðalréttar, árdegis þann dag, sem úrtíningsfé er greitt sundur, þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjárskilastjóra.

Enginn má reka burtu úr rétt fyrir en úrtíningur er upp dreginn, nema fjárskilastjóri leyfi. Fjárskilastjóri hefir einn öll umráð á réttar- og dilkrúmi aðalréttardaga. Öll óhlýðni og þrjóska við fjallskilastjóra varðar sektum.

#### 28. gr.

Jafnan skal draga sundur fé í aðalréttum eftir markaskrá og í aukaréttum, þar sem þörf er á.

Í eða við almennar fjárréttir að hausti til, má enginn blóðmarka kind án samþykkis réttarstjóra.

Ómerkinga skal draga í sérstakan dilk undir eftirliti réttarstjóra, og skal öllum gefinn kostur á að leiða þangað lambamæður til að helga sér lamb sitt.

Ómerkinga þá, sem enginn finnst eigandi að, ber að fara með samkv. niðurlagi. 30. gr.

### VIII. KAFLI

#### Um hirðing fjár í utanhreppsréttum.

#### 29. gr.

Nokkru á undan fyrstu löggöngum á hausti hverju skal hreppsnefnd kveðja svo marga menn, sem þarf til þess að sækja fé hreppsbúa í utanhreppsréttir. Skulu sendi-menn þessir taka féð, reka það tafarlaust heim í hreppinn og ganga þar frá því samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndar.

### IX. KAFLI

#### Um óskilafé.

#### 30. gr.

Fé það, sem kemur fyrir á haustinu og ekki finnst eigandi að, skal ganga til fjárskilastjóra og hirðir hann það sem sitt eigið fé til hausthreppaskila. Þar skal það seljast við uppboð þó með því skilyrði ef eigandi gefur sig fram innan hálf mánaðar frá söludegi, sé honum heimilt að fá eign sína, ef hann borgar áfallinn kostnað. Fé því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa með mörkum, lit, aldri og einkennum þegar eftir uppboðið og senda sýslumanni lýsingu til birtingar í „Lögbirtingablaðinu“. Hafi enginn lýst sig eiganda að fénu áður 6 mánuðir eru liðnir frá prentun auglýsingarinnar, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Afeyrðar kindur, eða með svo skemmdum mörkum, að enginn geti helgað sér, skal farið með sem eigendalaust fé, og má bjóða það upp ásamt ómerkingum að afstöðnum réttum.

## 31. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppstjóri útnefna tvo menn til að dæma um mörk á óskilafé, sem selt er. Verði ágreiningur um mörkin sker hreppstjóri úr.

Nú ætlar einhver að hann eigi kind, sem þannig er seld, skal þá dómnefndin úrskurða um eignarétt hans á kindinni.

Vilji hann ekki hlíta þeim úrskurði getur hann skotið honum til dómstólanna.

## 32. gr.

Gæslukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast uppi í þriðju göngum, má eigi herra vera en 10 aurar um sólarhring hvern, talið frá þeim degi er fjallskilastjóri tók þær í gæzlu, eftir þriðju réttir, og borgist það þegar eigandi vitjar fjársins, eða það er selt, annars er gæzlumaður ekki skyldur að sleppa fénu, þó má fjallskilastjóri hækka gjald þetta fyrir fé úr öðrum sýslum til jafnaðar móts við samskonar gjöld í þeim.

## X. KAFLI

## Um eftirleitir.

## 33. gr.

Eigi síðar en viku eftir að löggöngum er lokið, skal hreppsnefndin láta gera eftirleit á afréttum hreppsins.

Þegar eftirleit þessari er lokið, skal hverjum heimilt að gera enn eftirlit, ef hreppsnefnd leyfir. Nú finnur einhver fé í eftirleit, skal hann þá fá 4 krónur fyrir hverja óheimta kind, og 2 kr. fyrir hverja þá kind, sem áður hefir verið heimt. Heimilt er þó hreppsnefndum að hækka fundarlaunin fyrir fé úr öðrum sýslum, þó eigi meira, en þar er tekið í fundarlaun. Fyrir fé sem finnst í heimalöndum, skal engin fundarlaun greiða.

Nú sést fé enn í afréttum, eftir að eftirleitum er lokið, skal þá tafarlaust skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd frá því, og er henni þá skylt að sjá um, að fénu verði bjargað.

Heimt fé skal eigandi auðkenna á þann hátt er hreppsnefnd ákveður, svo eigi verði síðar á haustin um það villst hvort það er heimt eður eigi.

## XI. KAFLI

## Um fjármörk.

## 34. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, en ef það er soramarkað, þá brennimerkja það á hornum. Einnig skal brennimerkja sauðfé með hrepps Brennimerkum á vinstra horn og séu þau eins og gildandi markaskrá sýnir.

Enginn fjáreigandi má eiga fleiri mörk en tvö.

35

16. apríl

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna fimmta hvert ár og útbýta eftir þörfum.

Nú flytur einhver inn í sýsluna, skal hann þá auglýsa mark sitt hreppsnefndum sýslunnar. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

35. gr.

## XII. KAFLI

## Um sölu fjárrekstra.

36. gr.

Hverjum fjárrekstri, sem rekinn er til sölustaðar, skulu fylgja nægilega margir og dugandi menn.

Ávallt þegar rekstrarmenn eru fleiri en einn, skal einn vera yfirmaður þeirra, útnefndur af eignum fjársins. Ber hann ábyrgð á því, að rekstur hans gangi að öllu leyti vel og reglulega, og ábyrgð gagnvart þeim, er kynnu að kæra til skaðabóta einhver afbrot rekstrarmanna, en hann á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

37. gr.

Allt fé á sölurekstrum, skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi.

Oddviti sýslunefndar ákveði rekstrarmerkin í samráði við kaupendur fjársins, þannig að hver kaupandi fær sitt ákveðna rekstrarmerki, sem allt fé hans skal merkt með, og öllum öðrum óheimilt að nota. Skal oddviti halda skrá yfir þá fjárkaupendur, sem hafa fengið löggilt rekstrarmerki, og ber þeim að gjalda kr. 5,00 árlega, er renni í sýslusjóð, á meðan merkið er notað. Skylt er oddvita að tilkynna öllum hreppsnefndum sýslunnar og bæjarstjórnnum Akureyrar og Siglufjarðar hin lögskráðu merki svo tímanlega á hverju sumri, að þau geti orðið auglýst fyrir almenningi áður en slátrun byrjar.

Skulu rekstrarmenn gæta þess nákvæmlega, að engin kind, sem merkt er rekstrarmerki þeirra, glatist úr rekstrinum, og að engin kind með öðru merki eða ómerkt slæðist inn í hann.

Ef fé heldur sig meðfram vegi, þar sem sölurekstur fer um, mega rekstrarmenn ekki siga hundum á það, heldur aðeins beina því frá með gætni, þannig, að það styggist sem minnst.

Nú sannast það, að einhver hafi beðið tjón af sölurekstri, skal þá formaður rekstrar annast um skaðabætur til hlutaðeiganda, eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

## XIII. KAFLI

## Um stóðhross og nautgripi.

35

16. apríl

## 38. gr.

Hver, sem á stóðhross eða trippi, er skyldur að reka þau á afrétt, ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótið og gróðurleysi banni og varðar sektum, ef út af er brugðið. Þó er búendum heimilt, að hafa veturgömum trippi sín í heimahögum, sem ganga undir mæðrum sínum, enda séu þær hafðar til brúkunar og í rækilegri gæzlu. Sömuleiðis er búendum heimilt, að hafa trippi sín heima á sumrum, þó eldri séu, ef þeir hafa þau í gripheldum girðingum. Reynist girðingin ótrygg, skal tafarlaust reka trippin til afréttar.

Eigandi eða umráðandi afrétta, sem hefir trippi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Nú vanrækir hann þá skyldu sína, skal þá hreppsnefnd skyld að útvega nægilega fyrirstöðu á hans kostnað. Eigandi eða umráðamaður afréttar, skal senda hreppsnefndinni áður en tíu vikur eru af sumri, lýsingu af öllum þeim trippum, sem hann hefir undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

## 39. gr.

Nú ganga trippi samt á sumrum úr afréttum og í heimalönd manna, geta þá þeir, er fyrir ágangi verða, tekið þau í gæzlu og gert eigendum eða umráðamönnum afréttarins, eða þeim, sem fyrirstöðu hafa á hendi, aðvart, áður en 2 sólarhringar eru liðnir, um að útleysa þau gegn gæzlukaupi, allt að 50 aurum um sólarhringinn, fyrir hvert hross. Auk þess skal og borga ómakslaun fyrir tilkynning. Gjald þetta skal greitt um leið og hrossanna er vitjað, annars er gæzlumaður ekki skyldur að afhenda þau. Vitji eigendur eða umráðamenn eigi hrossa sinna innan þriggja sólarhringa frá tilkynning skal farið með þau sem annað óskilafé.

Gangi nú stóðhross af utansýsluafréttum á afrétti eða heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært yfir því til sýslunefndar eða oddvita hennar. Skal þá sýslunefndin eða oddviti hennar svo fljótt sem við verður komið, semja við nágrannasýsluna um, að áganginum verði afstýrt. Náist ekki slíkur samningur, eða sé hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald, hvenær sem er að sumrinu og fara með þau samkvæmt 42. gr.

## 40. gr.

Ef trippi koma fyrir í heimalöndum á vorin eða sumrin, sem ekki finnst eigandi að, skal þá farið með þau sem annað óskilafé.

## 41. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gera ráðstafanir til þess, að stóðhrossum sé smalað af afréttum og heimalöndum áður en löggöngum er lokið, og dregin sundur í réttum.

**35**

16. apríl

Með óskilahross og trippi, sem eftir verða við réttir og koma fyrir af fjalllöndum eða í byggðum eftir réttir, skal fara með sem annað óskilafé, nema hrossin skulu seljast með þriggja vikna auglýsingafresti fyrir sölundag. Nú þarf að hafa þau í vöktun, og má þá vöktunargjald hvers um sig vera allt að 50 aurar um sólarhring, nema í húsi og heygjög þurfi að vera.

## 43. gr.

Um lausagöngu graðhesta og graðneyta gilda ákvæði laga nr. 32, 14. ágúst 1931, um búfjárrækt.

## XIV. KAFLI

## Almenn ákvæði.

## 44. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjárskilamálum. Ennfremur geta einstaka menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

## 45. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 200 kr. eftir mála-vöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps þar sem brotið er framið.

## 46. gr.

Mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

## 47. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil frá 7. júní 1921 og reglugerð um viðbót við hana frá 19. sept. 1929.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí 1934.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

---

*Páll Pálmason.*